

Fundargerð 114. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður:	Flóaskóli
Fundardagur:	Þriðjudagur 15. janúar 2019
Fundartími:	Krakkaborg: 16:30 – 17:30 Sameiginleg málefni: 17:30-18:00 Flóaskóli: 18:00-20:00
Fundarmenn	Hulda Kristjánsdóttir, formaður Ægir Sigurðsson, ritari Mareike Schacht, varaformaður Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður Axel Páll Einarsson, aðalmaður Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri Fanneý Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla Pia Rita Simone Schmauder, fulltrúi foreldra úr grunnskóla

Hulda setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Ægir Sigurðsson ritaði fundargerð. Stefanía Ósk Benediksdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla boðaði forföll. Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara fjarverandi

Ægir Páll Einarsson

Hulda Kristjánsdóttir
Gunnlaug Hartmannsdóttir
Fanneý Ólafsdóttir
Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir
Alma Anna Oddsdóttir
Ægir Sigurðsson
P. Rita Simone Schmauder
K. Mareike Schacht

Krakkaborg:

1) Fréttir af skólastarfinu

Leikskólastjóri fór yfir fréttir af skólastarfinu frá síðasta fundi. Desember var rólegur og þægilegur og starfið hefur gengið vel. Einhverjar breytingar hafa verið á starfsmannahóp og stefnt er að því að auglýsa stöðu við leikskólann. Aðeins rætt um starfið í kringum jól, þá koma fá börn og allir starfsmenn fengu að þessu sinni eitthvað frí á þeim dögum sem að öllu jöfnu ættu að vera vinnudagar. Nokkrir starfsmenn hafa farið á jóganámskeið fyrir börn og það er talið geta nýst í skólastarfinu. Mjög hefur aukist notkun á útieldunaraðstöðu undanfarið.

Fyrirspurn um fjölda nemenda í skólanum: Nú er staðan þannig að fjöldi barna í skólanum er við efri þolmörk, miðað við starfsmannafjölda. Rætt um forgang barna sem hafa lögheimili í Flóahreppi. Kanna þarf hvernig forgangi er háttað og hvort það geti komið til að einhverjir núverandi nemendur með lögheimili í öðru sveitarfélagi geti misst sitt pláss. Fræðslunefnd hefur áhuga á að vita hvort einhverjar reglur séu til um þessi mál og hvort ástæða sé til að gera einhverjar breytingar. Leikskólastjóra falið að skoða málið.

2) Breytingatillaga vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum – afgangi sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir breytingatillögu vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum með áorðnum breytingum.

3) Innra mat skólaárið 2018-2019 – staða mála.

Í mars verður lögð könnun Skólapúlsins fyrir foreldra. Ekki hefur verið lögð könnun fyrir starfsmenn með þessum hætti, talið hefur verið að það henti jafnvel ekki á svona litlum vinnustað. Starfsmannaviðtöl hafa verið nýtt í staðinn en rætt um að leggja könnun fyrir starfsmenn í framtíðinni. Rætt um hvernig kannanir skólapúlsins nýtast skólastarfinu. Lagt til að stjórnendur skoði aðferðir við innra mat.

4) Önnur mál

Helga Kringsdal

Fanney Ólafsdóttir

Guðbjörg Hórn Þ.

Alma Anna Ólafsdóttir

Agir Öry

K. Mareike Schacht

Þorsteinn Einarsson

Sameiginleg málefni:

5) Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinnuverkefni tengt Grænfána milli Krakkaborgar og Flóaskóla kynnt. 17. janúar mun verkefnið hefjast með heimsók nemenda á Skagaás. Um er að ræða elstu nemendur Krakkaborgar og yngstu nemendur Flóaskóla. Stefnt er á ferðir einu sinni í mánuði og vorhátíð í byrjun maí.

Skólastórnendur eru að vinna að áætlun um heimsóknir og aðlögun elstu barna leikskólans í Flóaskóla.

6) Önnur mál

Fyrirspurn um hvort eitthvað hafi verið skoðað með réttindi skólabílstjóra, hvort allir skólabílstjórar hafi réttindi sem slíkir? Fræslunefnd vísar þessari fyrirspurn til sveitastjóra.

Fluck Kristinn
Guunlaug Ólafur
Fanney Ólafsdóttir
Guðbj. Halma Þorkelsdóttir
Elma Anna Ólafsdóttir
Ragur Þorgeirsson
P. S. J. - J. S.
K. Marika Skarlat
Alex Pau Ólafsson

Flóaskóli:

7) Fréttir af skólastarfinu

Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Mikið hefur verið um forföll undanfarið. Má tengja það að hluta við rakamál sem fjallað verður um seinna á fundinum. Mikið álag hefur verið vegna starfsmannamála. Ráðinn var nýr stuðningsfulltrúi um áramót og stuðningsfulltrúi sem hefur starfað við skólann færast í kennslu. Rætt um skólaakstur og fyrirkomulag þeirra mála. Formaður fræðslunefndar og skólastjóri ætla að fá fund með sveitarsjóra og fara yfir akstursmál. Lestraráttak er í gangi og undirbúningur fyrir lestrarkeppni, stífar æfingar fyrir skólahreysti og ýmis önnur verkefni samhliða hefðbundnu skólastarfi.

8) Húsnæðismál Flóaskóla: Úttekt vegna raka – staða mála.

Farið yfir stöðu mála varðandi rakavandamál í skólanum. Ljóst er um alvarlegt mál er að ræða og má tengja veikindi starfsmanna við þetta vandamál. Í framhaldi af úttekt á rakaskemmdum og hugsanlegum áhrifum hans á heilsu starfsmanna var verkfræðistofan Efla fengin í desember 2018 til þess að gera úttekt á skólahúsnæði Flóaskóla. Skólastjóri fór yfir málin, hvar rakaskemmdir eru og hugsanlegar orsakir þeirra. Ljóst er að um nokkuð vandamál er að ræða. Notkun húss sem notað hefur verið fyrir skólavistun hefur verið hætt, starfsemi hefur verið færð í kennslustofur skólans. Staða eldri bygginga er mjög slæm og gera þarf miklar lagfæringar ef nota á gömlu skólabygginguna í framtíðinni. Fræðslunefnd leggur til að farið verði eftir ráðleggingum sérfræðinga og að tryggð verði viðunandi starfsaðstaða nemenda og kennara.

9) Innra mat: Nemendakönnun Skólapúl síns

Farið yfir helstu niðurstöður nemendakönnunar frá því nóvember. Að flestu leyti jákvæðar niðurstöður og ánægjulegt að skoða.

10) Áætluð framlög vegna nýbúafraeðslu 2018 – máli frestað frá síðasta fundi

Máli frestað til næsta fundar.

11) Önnur mál

Íslandsmót verk- og iðngreina verður 14.-16. mars. Stefnt er með nemendum þangað. Fyrirspurn hvort þurfi ekki að fá varamenn þegar vantar fulltrúa á fund fræðslunefndar. Stefnt er að því að fá alltaf varamann inn en stundum næst það ekki.

Fundi slitið kl. 20:00

Anna Anna Ólafsdóttir

Henrik Kringsdal

Gunnlaug Hóskvænsel

R. S. J. - O.S.
Ágrip Þorgeirsson

K. Mareike Schacht

Axel Hauvinsson